

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar vegna Árhóla 2.

Skipulagsstofnun staðfesti 2. apríl 2019 breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. febrúar 2019.

Í breytingunni felst að afmarka 3.364 m² svæði fyrir verslun og þjónustu (V-18) í landi Árhóla 2 í Laxárdal. Landbúnaðarsvæði minnkar sem því nemur. Heildarbyggingarmagn á svæðinu verður 155 m².

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 2. apríl 2019.

F.h. forstjóra,

Hafdís Hafliðadóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 16. apríl 2019